

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju.

1. gr.

Frá og með 26. júlí 2005 eru veiðar með kolmunnavörpu við Þórsbanka aðeins heimilar að varpan sé búin meðaflaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 505, 20. júní 2006, um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski. Svæðið markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°00'00 N 10°20'00 V
2. 64°37'00 N 10°20'00 V
3. 64°37'00 N 09°50'00 V
4. 64°04'00 N 09°50'00 V
5. 64°04'00 N 11°04'00 V
6. 64°17'00 N 10°34'00 V
7. 64°37'00 N 10°51'00 V
8. 64°33'00 N 11°30'00 V
9. 64°10'00 N 12°09'00 V
10. 63°46'00 N 12°09'00 V
11. 63°26'00 N 11°55'00 V
12. 63°17'00 N 11°20'00 V
13. 63°07'00 N 12°29'00 V
14. 63°45'50 N 12°56'70 V
15. 63°53'44 N 13°25'00 V
16. 64°00'00 N 13°07'00 V
17. 64°21'70 N 12°17'30 V
18. 64°32'30 N 11°41'00 V
19. 65°00'00 N 11°28'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru felldar úr gildi reglugerð nr. 519, 27. maí 2005 um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka með síðari breytingum, reglugerð nr. 606, 24. júní 2005, um bann við kolmunnaveiðum úti fyrir Austfjörðum og reglugerð nr. 657, 1. júlí 2005, um bann við kolmunnaveiðum austan Þórsbanka.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.